

TILSKIPUN Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160

frá 20. júní 2019

um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB að því er varðar dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri

EVROPUBINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Meðal sameiginlegra markmiða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽³⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ⁽⁴⁾ er m.a. að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði meðal sjóða um sameiginlega fjárfestingu og að létta takmörkunum á fjálsu flæði hlutdeildarskírteina og hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í Sambandinu og á sama tíma tryggja samræmdari fjárfestavernd. Þótt þessum markmiðum hafi að stærstum hluta verið náð hamla enn ákveðnar hindranir getu rekstraraðila sjóða til að njóta að fullu góðs af innri markaðinum.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 kemur til viðbótar við þessa tilskipun ⁽⁵⁾. Í þeirri reglugerð er mælt fyrir um viðbótarreglur og verklag varðandi verðbréfasjóði (UCITS) og rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFM). Saman ættu reglugerðin og þessi tilskipun að samræma frekar skilyrði fyrir rekstraraðila sjóða sem starfa á innri markaðinum og greiða fyrir dreifingu yfir landamæri á sjóðunum sem þeir reka.
- 3) Nauðsynlegt er að fylla upp í eyður í löggjöfinni og samræma ferlið við að tilkynna lögbærum yfirvöldum um breytingar sem varða verðbréfasjóði við það tilkynningarferli sem mælt er fyrir um í tilskipun 2011/61/ESB.
- 4) Ákvæði reglugerðar (ESB) 2019/1156 styrkja enn frekar meginreglurnar sem eiga við um markaðsefni sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2009/65/EB og rýmka beitingu þeirra meginreglna svo að þær taki einnig til rekstraraðila sérhæfðra sjóða og leiða þannig til strangari krafna um fjárfestavernd, án tillits til tegundar fjárfestis. Samsvarandi ákvæði tilskipunar 2009/65/EB varðandi markaðsefni og aðgengileika landsbundinna laga og reglugerða að því er varðar tilhögun markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða eru því ekki lengur nauðsynleg og ber að eyða.
- 5) Ákvæði tilskipunar 2009/65/EB sem skylda verðbréfasjóði til að bjóða fjárfestum upp á aðstöðu, eins og þau eru framkvæmd í tilteknum landsbundnum réttarkerfum, hafa reynst þyngjandi. Auk þess nota fjárfestar sjaldan staðbundna aðstöðu á þann hátt sem ráð var fyrir gert með þeirri tilskipun. Æskilegur samskiptamáti hefur færst yfir í bein

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 367, 10.10.2018, bls. 50.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. júní 2019.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að auðvelda dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 (Stjtið. ESB. L 188, 12.7.2019, bls. 55).

samskipti milli fjárfesta og rekstraraðila sjóðs, annaðhvort rafrænt eða í síma, en greiðslur og innlausnir fara aftur á móti fram eftir öðrum leiðum. Þótt þessi staðbundna aðstaða sé nú notuð í stjórnunarlegum tilgangi, eins og til að endurheimta eftirlitsgjöld yfir landamæri, ætti að taka á slíkum málum eftir öðrum leiðum, þ.m.t. í samstarfi milli lögbærra yfirvalda. Af þessum sökum ætti að koma á fót reglum sem nútímavæða og tilgreina kröfur um að bjóða almennum fjárfestum aðstöðu og aðildarríkin ættu ekki að krefjast staðbundinnar raunadstöðu til að bjóða upp á slíka aðstöðu. Hvað sem öðru líður ættu reglur þessar að tryggja að fjárfestar hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þeir eiga rétt til.

- 6) Nauðsynlegt er að kröfurnar um aðstöðu nái einnig til rekstraraðila sérhæfðra sjóða ef aðildarríkin heimila þeim að beina markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sérhæfðum sjóðum til almennra fjárfesta á yfirráðasvæði sínu, í því skyni að tryggja samræmda meðhöndlun á almennum fjárfestum.
- 7) Þegar ekki eru fyrir hendi skýr og samræmd skilyrði fyrir því að hætta markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs í gístiaðildarríki skapast efnahagsleg og lagaleg óvissa fyrir rekstraraðila sjóðs. Því ættu tilskipanir 2009/65/EB og 2011/61/ESB að setja fram skýr skilyrði fyrir afturköllun tilkynningar um ráðstafanir sem gerðar eru til markaðssetningar að því er varðar sum eða öll hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Skilyrði þessi ættu að koma jafnvægi á, annars vegar, getu sjóða um sameiginlega fjárfestingu eða rekstraraðila þeirra til að fella úr gildi ráðstafanir til að markaðssetja hlutabréf eða hlutdeildarskírteini þeirra þegar viðurkenndum skilyrðum er mætt og, á hinn bóginn, hagsmuni fjárfesta í slíkum fyrirtækjum.
- 8) Sá möguleiki að hætta markaðssetningu verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða í tilteknu aðildarríki ætti hvorki að valda fjárfestum kostnaði né draga úr verndarráðstöfunum þeirra samkvæmt tilskipun 2009/65/EB eða tilskipun 2011/61/ESB, einkum að því er varðar rétt þeirra til nákvæmra upplýsinga um áframhaldandi starfsemi þessara sjóða.
- 9) Rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sem óskar eftir að kanna áhuga fjárfesta á tiltekinni fjárfestingarhugmynd eða fjárfestingaráætlun, stendur stundum frammi fyrir ólíkri meðferð á formarkaðssetningu í mismunandi landsbundnum réttarkerfum. Skilgreiningin á formarkaðssetningu og skilyrðin sem gilda um leyfi fyrir henni eru afar mismunandi í þeim aðildarríkjum þar sem hún er heimilud en á hinn bóginn er í öðrum aðildarríkjum yfir höfuð ekki til neitt hugtak um formarkaðssetningu. Til að taka á þessum mismun ætti að kveða á um samræmda skilgreiningu á formarkaðssetningu og setja skilyrði sem gera rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB kleift að stunda formarkaðssetningu.
- 10) Til að formarkaðssetning verði viðurkennd sem slík samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB ætti hún að beinast að hugsanlegum fagfjárfestum og varða fjárfestingarhugmynd eða fjárfestingaráætlun í því skyni að kanna áhuga þeirra á sérhæfðum sjóði eða sjóðsdeild sem ekki hefur verið komið á fót eða sem hefur verið komið á fót en ekki verið tilkynnt um markaðssetningu á í samræmi við þá tilskipun. Að sama skapi ættu fjárfestar ekki að geta skráð sig fyrir hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í sérhæfðum sjóðum á meðan á formarkaðssetningu stendur og þeim ætti að vera óheimilt að dreifa áskriftareyðublöðum eða svipuðum skjölum til hugsanlegra fagfjárfesta hvort sem þau eru í drögum eða endanlegri mynd. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða innan ESB ættu að tryggja að fjárfestar eignist ekki hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sérhæfðum sjóðum gegnum formarkaðssetningu og að fjárfestar sem haft hefur verið samband við í tengslum við formarkaðssetningu geti aðeins eignast hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í þeim sérhæfða sjóði gegnum markaðssetningu sem heimilud er samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB.

Allar áskriftir fagfjárfesta, innan 18 mánaða frá því að rekstraraðili sérhæfðra sjóða innan ESB hefur hafið formarkaðssetningu, að hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í sérhæfðum sjóði sem um getur í upplýsingunum sem eru veittar í tengslum við formarkaðssetningu, eða í viðurkenndum sérhæfðum sjóði sem komið var á fót í framhaldi af formarkaðssetningu, skulu teljast leiða af markaðssetningu og ættu að falla undir viðeigandi tilkynningarferli sem um getur í tilskipun 2011/61/ESB. Innan tveggja vikna frá því að rekstraraðili sérhæfðra sjóða innan ESB hefur formarkaðssetningu ætti hann að senda óformlegt bréf, á pappír eða rafrænu formi, til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu og tilgreina þar m.a. í hvaða aðildarríkjum hann fæst við eða hefur fengist við formarkaðssetningu, á hvaða tímabilum formarkaðssetningin fer fram eða hafi farið fram og hafa að geyma, ef við á, lista yfir sérhæfða sjóði hans og deildir sérhæfðra sjóða sem eru eða voru tilefni formarkaðssetningar til að tryggja að lögbær landsyfirvöld geti haft eftirlit með formarkaðssetningu í aðildarríki sínu. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB ættu tafarlaust að upplýsa lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum þar sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs innan ESB fæst við eða hefur fengist við formarkaðssetningu um það.

- 11) Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða innan ESB ættu að tryggja að formarkaðssetning þeirra sé skjalfest á fullnægjandi hátt.
- 12) Landsbundin lög og stjórnsýslufyrirmæli sem eru nauðsynleg til að fara að ákvæðum tilskipunar 2011/61/ESB og einkum að samræmdum reglum um formarkaðssetningu ættu ekki að skerða hlut rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB gagnvart rekstraraðila sérhæfðra sjóða utan ESB. Þetta varðar bæði núverandi aðstæður, þar sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða utan

ESB hafa ekki rétt á að fá markaðssetningarskilríki og stöðu þar sem ákvæðin um slík skilríki í tilskipun 2011/61/ESB hafa tekið gildi.

- 13) Til að tryggja réttaröryggi er nauðsynlegt að stilla saman daginn sem landsbundin lög og stjórnisýslufyrirmæli til innleiðingar á þessari tilskipun koma til framkvæmda og daginn sem reglugerð (ESB) 2019/1156 kemur til framkvæmda að því er varðar viðeigandi ákvæði um markaðsefni og formarkaðssetningu.
- 14) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽⁶⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnispáttu tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/65/EB

Tilskipun 2009/65/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi undirgreinar bætast við 8. mgr. 17. gr.:

„Ef rekstrarfélagið myndi ekki lengur uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar eftir breytingu sem um getur í fyrstu undirgrein skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins tilkynna rekstrarfélaginu, innan 15 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinga sem um getur í fyrstu undirgrein, að það megi ekki hrinda þeirri breytingu í framkvæmd. Í því tilfelli skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríki rekstrarfélagsins um þetta.

Ef breyting sem um getur í fyrstu undirgrein er hrundið í framkvæmd eftir að upplýsingar hafa verið sendar í samræmi við aðra undirgrein og rekstrarfélagið uppfyllir ekki lengur ákvæði þessarar tilskipunar eftir þá breytingu skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins grípa til allra viðeigandi ráðstafana í samræmi við 98. gr. og tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríki rekstrarfélagsins án ótilhlýðilegrar tafar um þær ráðstafanir sem gripið var til.“

- 2) Ákvæði 77. gr. falla brott.
- 3) Í 91. gr. fellur 3. mgr. brott,
- 4) Í stað 92. gr. kemur eftirfarandi:

„92. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að í hverju aðildarríki þar sem verðbréfasjóður hefur í hyggju að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín bjóði hann upp á aðstöðu til að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- a) afgreiða fyrirmæli um áskrift, endurkaup og innlausn og framkvæma aðrar greiðslur til eigenda hlutdeildarskírteina í tengslum við hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðunum, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í skjölunum sem krafist er skv. IX. kafla,
- b) veita fjárfestum upplýsingar um hvernig hægt er að gefa fyrirmæli sem um getur í a-lið og hvernig ágóði af endurkaupum og innlausn er greiddur,
- c) auðvelda meðferð upplýsinga og aðgang að verklagsreglum og ráðstöfunum sem um getur í 15. gr. í tengslum við nýtingu fjárfesta á rétti sínum sem leiðir af fjárfestingu í verðbréfasjóðunum í aðildarríkinu þar sem verðbréfasjóðurinn er markaðssettur,
- d) gera þær upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. IX. kafla aðgengileg fjárfestum til skoðunar og til að fá afrit, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 94. gr.,
- e) veita fjárfestum upplýsingar sem skipta máli fyrir verkefnið sem sinnt er í aðstöðunni á varanlegum miðli og
- f) að vera tengiliður fyrir samskipti við lögbæru yfirvöldin.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2. Aðildarríkin skulu ekki krefjast þess að verðbréfasjóður hafi raunaðstöðu í gístiaðildarríkinu eða að hann skipi þriðja aðila að því er varðar 1. mgr.

3. Verðbréfasjóðurinn skal tryggja að aðstaðan, þ.m.t. rafræn, til að framkvæma verkefnið sem um getur í 1. mgr. sé:

- a) á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum í því aðildarríki þar sem verðbréfasjóðurinn er markaðssettur eða á tungumáli sem lögbæru yfirvöldin í því aðildarríki hafa samþykkt,
- b) veitt af hálfu verðbréfasjóðanna sjálfra, þriðja aðila sem lýtur reglum og eftirliti sem gildir um verkefnið sem inna á af hendi, eða af hálfu þeirra beggja.

Að því er varðar b-lið, ef þriðji aðili á að sinna verkefnum skal skriflegur samningur staðfesta tilnefningu þess þriðja aðila þar sem tilgreint er hvaða verkefni af þeim sem um getur í 1. mgr. verði ekki framkvæmd af hálfu verðbréfasjóðsins og að þriðji aðilinn muni fá allar viðeigandi upplýsingar og gögn frá verðbréfasjóðnum.“

5) Ákvæðum 93. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr.:

„Tilkynningin skal einnig innihalda nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. heimilisfang, til að senda reikninga á eða til samskipta um viðeigandi eftirlitsgjöld eða þóknunir lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríkinu og upplýsingar um aðstöðuna til að framkvæma verkefnið sem um getur í 1. mgr. 92. gr.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Sé um að ræða breytingu á upplýsingum í tilkynningunni sem lögð var fram í samræmi við 1. mgr. eða breytingu að því er varðar flokka hlutdeildar sem á að markaðssetja skal verðbréfasjóðurinn tilkynna um hana skriflega til lögbærra yfirvalda í bæði heimaaðildarríki og gístiaðildarríki verðbréfasjóðsins a.m.k. einum mánuði áður en breytingar þessar eru gerðar.

Ef verðbréfasjóðurinn uppfyllir ekki lengur ákvæði þessarar tilskipunar eftir breytingu sem um getur í fyrstu undirgrein skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins tilkynna sjóðnum, innan 15 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinga sem um getur í fyrstu undirgrein, að hann megi ekki hrinda þeirri breytingu í framkvæmd. Í því tilfelli skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríki verðbréfasjóðsins um þetta.

Ef breyting, sem um getur í fyrstu undirgrein er hrundið í framkvæmd eftir að upplýsingar hafa verið sendar í samræmi við aðra undirgrein og verðbréfasjóðurinn uppfyllir ekki lengur ákvæði þessarar tilskipunar eftir þá breytingu skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins grípa til allra viðeigandi ráðstafana í samræmi við 98. gr., þ.m.t., ef nauðsyn krefur, leggja skýrt bann við markaðssetningu verðbréfasjóðsins og tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríki verðbréfasjóðsins án ótilhlýðilegrar tafar um ráðstafanirnar sem gripið var til.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„93. gr. a

1. Aðildarríki skulu tryggja að verðbréfasjóði sé heimilt að afturkalla ráðstafanir sem gerðar eru til markaðssetningar á hlutdeildarskírteinum, þ.m.t. og þar sem við á, flokkum hlutdeildar, í aðildarríki sem sjóðurinn hefur lagt fram tilkynningu um í samræmi við 93. gr., ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) almennt tilboð er lagt fram til að endurkaupa eða innleysa, án endurgjalds eða frádráttar, öll slík hlutdeildarskírteini sem fjárfestar í því aðildarríki eiga og er aðgengilegt öllum í a.m.k. 30 virka daga og beinist, beint eða fyrir milligöngu fjármálamililiða, til hvers og eins fjárfestis í aðildarríkinu sem deili eru þekkt á,
- b) áform um að fella úr gildi ráðstafanir sem gerðar voru fyrir markaðssetningu á slíkum hlutdeildarskírteinum í því aðildarríki eru gerð opinber í miðli sem er aðgengilegur öllum, þ.m.t. á rafrænan hátt, sem tíðkast við markaðssetningu verðbréfasjóða og hentar dæmigerðum fjárfesti í verðbréfasjóði,
- c) hvers kyns samningsbundnu fyrirkomulagi við fjármálamililiði eða fulltrúa er breytt eða fellt úr gildi frá og með dagsetningu afturköllunar til að hindra ný eða frekari, bein eða óbein, tilboð eða útboð á hlutdeildarskírteinum sem voru tilgreind í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr.

Upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar skulu lýsa glögglega hvaða afleiðingar það hefur fyrir fjárfesta að samþykka ekki tilboð um að innleysa eða endurkaupa hlutdeildarskírteini sín.

Láta skal í té upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum í því aðildarríki þar sem verðbréfasjóðurinn hefur gefið út tilkynningu í samræmi við 93. gr. eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld í því aðildarríki hafa samþykkt. Verðbréfasjóðurinn skal, frá og með þeim degi sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar, hætta við öll ný eða frekari, bein eða óbein, tilboð eða útboð á hlutdeildarskírteinum sínum, sem fellu undir afturköllun í því aðildarríki.

2. Verðbréfasjóðurinn skal leggja fram tilkynningu til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu þar sem fram koma upplýsingar sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

3. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins skulu staðfesta hvort tilkynningin, sem verðbréfasjóðurinn lagði fram í samræmi við 2. mgr., sé fullnægjandi. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins skulu, eigi síðar en 15 virkum dögum frá viðtöku fullfrágenginnar tilkynningar, senda þá tilkynningu til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Eftir sendingu tilkynningarinnar samkvæmt fyrstu undirgrein skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins tafarlaust tilkynna verðbréfasjóðnum um sendinguna.

4. Verðbréfasjóðurinn skal veita fjárfestum sem halda fjárfestingu sinni í verðbréfasjóðnum og lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins þær upplýsingar sem krafist er skv. 68. til 82. gr. og skv. 94. gr.

5. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins skulu senda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar upplýsingar um allar breytingar á skjölunum sem um getur í 2. mgr. 93. gr.

6. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skulu hafa sömu réttindi og skyldur og lögbæru yfirvöldin í gístaðildarríki verðbréfasjóðsins eins og sett er fram í 2. mgr. 21. gr., 3. mgr. 97. gr. og 108. gr. Án þess að hafa áhrif á aðrar eftirlitsaðgerðir og eftirlitsheimildir sem um getur í 2. mgr. 21. gr. og 97. gr. skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, frá og með sendingardegi skv. 5. mgr. þessarar greinar, ekki krefjast þess að hlutaðeigandi verðbréfasjóður sýni fram á hlítni við innlend lög og stjórnáslufyrirmæli sem gilda um kröfur um markaðssetningu sem um getur í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 (*).

7. Aðildarríki skulu gera kleift að nota rafræna eða aðra fjarsamskiptamiðla að því er varðar 4. mgr., að því tilskildu að upplýsingarnar og samskiptamiðlarnir séu tiltækir fjárfestum á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum í því aðildarríki þar sem fjárfestirinn er staðsettur eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld í því aðildarríki hafa samþykkt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að auðvelda dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 (Stjtið. ESB. L 188, 12.7. 2019, bls. 55).“

7) Í 1. mgr. 95. gr. fellur a-liður brott.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2011/61/ESB

Tilskipun 2011/61/ESB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 4. gr.:

„aea) „formarkaðssetning“: miðlun upplýsinga eða tilkynninga, beint eða óbeint, um fjárfestingaráætlanir eða fjárfestingarhugmyndir rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB, eða fyrir hönd hans, til mögulegra fagfjárfesta með lögheimili eða skráða skrifstofu í Sambandinu til að kanna áhuga þeirra á sérhæfðum sjóði eða sjódsdeild sem hefur ekki verið komið á fót eða hefur verið komið á fót en ekki enn verið tilkynnt um markaðssetningu á í samræmi við 31. eða 32. gr., í aðildarríkinu þar sem mögulegir fjárfestar eru með lögheimili eða skráða skrifstofu, og sem í hverju tilviki jafngildir hvorki tilboði né útboði fyrir þann mögulega fjárfesti til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í þeim sérhæfða sjóði eða sjódsdeild.“

2) Eftirfarandi grein er bætt við í upphafi VI. kafla:

„30. gr. a

Skilyrði formarkaðssetningar í Sambandinu af hálfu rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB

1. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðili sérhæfðra sjóða innan ESB sem hefur starfsleyfi geti tekið þátt í formarkaðssetningu í Sambandinu, nema ef upplýsingar til mögulegra fagfjárfesta:

- a) eru nægjanlegar til að gera fjárfestum kleift að skuldbinda sig til að eignast hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í tilteknum, sérhæfðum sjóði,
- b) jafngilda áskriftareyðublöðum eða svipuðum skjölum, hvort sem þau eru í drögum eða endanlegri mynd, eða
- c) jafngilda stofnskjölum, lýsingu eða tilboðsskjölum sérhæfðs sjóðs sem hefur ekki enn verið komið á fót í endanlegri mynd.

Ef drög að lýsingu eða tilboðsskjölum eru afhent skulu þau ekki hafa að geyma upplýsingar sem nægja til að fjárfestar geti tekið fjárfestingarákvörðun og í þeim skal með skýrum hætti koma fram að:

- a) þau teljist ekki vera tilboð eða boð um áskrift að hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum sérhæfðs sjóðs og
- b) upplýsingunum sem þar eru settar fram ætti ekki að treysta því að þeim sé ábótavant og geti átt eftir að breytast.

Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðila sérhæfðs sjóðs í ESB beri hvorki skylda til að tilkynna lögbærum yfirvöldum um innihald eða viðtakendur formarkaðssetningar né til að uppfylla nein skilyrði eða kröfur aðrar en þær sem settar eru fram í þessari grein, áður en hann ræðst í formarkaðssetningu.

2. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða innan ESB skulu tryggja að fjárfestar eignist ekki hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sérhæfðum sjóði gegnum formarkaðssetningu og að fjárfestar sem samband hefur verið haft við í tengslum við formarkaðssetningu geti aðeins eignast hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í þeim sérhæfða sjóði gegnum markaðssetningu sem heimilud er skv. 31. og 32. gr.

Allar áskriftir fagfjárfesta, innan 18 mánaða frá því að rekstraraðili sérhæfðra sjóða hóf formarkaðssetningu, að hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í sérhæfðum sjóði sem um getur í upplýsingunum sem veittar eru í tengslum við formarkaðssetningu, eða sérhæfðum sjóði sem komið var á fót vegna formarkaðssetningar, skulu teljast leiða af markaðssetningu og skulu falla undir viðeigandi tilkynningarferli sem um getur í 31. og 32. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðili sérhæfðra sjóða innan ESB sendi óformlegt bréf, á pappír eða á rafrænan hátt, til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu innan tveggja vikna frá því hann hóf formarkaðssetningu. Í bréfinu skal tilgreina þau aðildarríki þar sem, og tímabilin þegar, formarkaðssetningin á sér eða hefur átt sér stað, gefa stutta lýsingu á formarkaðssetningunni, þ.m.t. upplýsingar um framlagðar fjárfestingaráætlanir og, ef við á, lista yfir þá sérhæfðu sjóði og deildir sérhæfðra sjóða sem eru eða hafa verið tilefni formarkaðssetningar. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB skulu tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum þar sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs innan ESB fæst við eða fékkst við formarkaðssetningu. Lögbær yfirvöld í því aðildarríki þar sem formarkaðssetning á eða hefur átt sér stað getur farið fram á að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB veiti frekari upplýsingar um formarkaðssetningu sem á eða hefur átt sér stað á yfirráðasvæði þess.

3. Þriðji aðili skal aðeins framkvæma formarkaðssetningu fyrir hönd rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB með starfsleyfi ef sá aðili er með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*), lánastofnun í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (**), rekstrarfélag verðbréfasjóðs í samræmi við tilskipun 2009/65/EB, rekstraraðili sérhæfðra sjóða í samræmi við þessa tilskipun, eða kemur fram sem einkaumboðsmaður í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB. Slíkur þriðji aðili skal falla undir skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein.

4. Rekstraraðili sérhæfðra sjóða innan ESB skal tryggja að formarkaðssetning sé skjalfest á fullnægjandi hátt.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnis-
eftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).“

- 3) Eftirfarandi kemur í stað annarrar, þriðju og fjórðu undirgreinar í 7. mgr. 32. gr.:

„Ef rekstur rekstraraðila sérhæfðra sjóða á sérhæfða sjóðnum myndi ekki lengur uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar eftir fyrirhugaða breytingu eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða myndi ekki á annan hátt uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar skulu viðkomandi lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfða sjóðsins tilkynna rekstraraðila sérhæfða sjóðsins, innan 15 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna sem um getur í fyrstu undirgrein, að hann megi ekki hrinda þeirri breytingu í framkvæmd. Í því tilviki skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða um það.

Sé fyrirhugaðri breytingu hrint í framkvæmd þrátt fyrir fyrstu og aðra undirgrein eða hafi ófyrirséð breyting orðið sem veldur því að eftir hana er rekstur rekstraraðila á sérhæfða sjóðnum ekki lengur í samræmi við þessa tilskipun eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða myndi á annan hátt ekki lengur fara að þessari tilskipun skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða grípa til allra viðeigandi ráðstafana í samræmi við 46. gr., þ.m.t., ef þörf krefur, leggja skýrt bann við markaðssetningu sérhæfða sjóðsins og skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríki rekstraraðila sérhæfða sjóðsins um það án ótilhlýðilegrar tafar.

Hafi breytingarnar ekki áhrif á hlítu rekstrar rekstraraðila á sérhæfða sjóðnum við þessa tilskipun eða hlítu rekstraraðila sérhæfðra sjóða við þessa tilskipun á annan hátt skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða, innan eins mánaðar, upplýsa lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða um þessar breytingar.“

- 4) Eftirfarandi grein bætist við:

„32. gr. a

Afturköllun ráðstafana sem gerðar voru til markaðssetningar hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa sumra eða allra sérhæfðra sjóða innan ESB í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðu sjóðanna

1. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB sé heimilt að afturkalla ráðstafanir sem gerðar voru til markaðssetningar hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa sumra eða allra sérhæfðra sjóða sinna í aðildarríki þar sem sjóðurinn hefur lagt fram tilkynningu í samræmi við 32. gr., þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- almennt tilboð er lagt fram til að endurkaupa eða innleysa, án endurgjalds eða frádráttar, öll slík hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sérhæfðra sjóða sem fjárfestar í því aðildarríki eiga og er aðgengilegt öllum í a.m.k. 30 virka daga og beinist, beint eða fyrir milligöngu fjármálamilliliða, til hvers og eins fjárfestis í aðildarríkinu sem deili eru þekkt á, nema þegar um er að ræða lokaða sérhæfða sjóði sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 (*),
- áform um að fella úr gildi ráðstafanir sem gerðar voru fyrir markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sumum eða öllum sérhæfðum sjóðum hans í því aðildarríki eru gerð opinber á miðli sem er aðgengilegur öllum, þ.m.t. með rafrænum hætti, sem tíðkast við markaðssetningu sérhæfðra sjóða og hentar dæmigerðum fjárfesti í sérhæfðum sjóðum,
- hvers kyns samningsbundnu fyrirkomulagi við fjármálamilliliði eða fulltrúa er breytt eða felld úr gildi frá og með dagsetningu afturköllunar til að hindra ný eða frekari, bein eða óbein, tilboð eða útboð á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum sem voru tilgreind í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr.

Rekstraraðili sérhæfðra sjóða skal, frá og með þeim degi sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar, hætta við öll ný eða frekari, bein eða óbein, tilboð eða útboð á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í sérhæfðum sjóðum sem hann rekur í aðildarríkinu þar sem hann hefur lagt inn tilkynningu í samræmi við 2. mgr.

2. Rekstraraðili sérhæfðra sjóða skal leggja fram tilkynningu hjá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu þar sem koma fram þær upplýsingar sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

3. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða skulu staðfesta hvort tilkynningin sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða lagði fram í samræmi við 2. mgr. sé fullnægjandi. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða skulu, eigi síðar en 15 virkum dögum frá viðtöku fullfrágenginnar tilkynningar, senda þá tilkynningu til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Eftir sendingu tilkynningarinnar samkvæmt fyrstu undirgrein skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða tafarlaust tilkynna rekstraraðila sérhæfðra sjóða um sendinguna.

Rekstraraðili sérhæfðra sjóða skal, í 36 mánuði frá dagsetningunni sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., ekki taka þátt í formarkaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa sérhæfðra sjóða innan ESB sem um getur í tilkynningunni eða að því er varðar svipaðar fjárfestingaráætlanir eða fjárfestingarhugmyndir í aðildarríkinu sem er tilgreint í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr.

4. Rekstraraðili sérhæfðra sjóða skal veita fjárfestum sem halda fjárfestingu sinni í sérhæfðum sjóðum innan ESB og lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða þær upplýsingar sem krafist er skv. 22. og 23. gr.

5. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða skulu senda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu, sem er tilgreint í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr., upplýsingar um breytingar á gögnum og upplýsingum sem um getur í b-til f-lið IV. viðauka.

6. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skulu hafa sömu réttindi og skyldur og lögbær yfirvöld í gístaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóða eins og sett er fram í 45. gr.

7. Án þess að hafa áhrif á aðrar eftirlitsheimildir sem um getur í 3. mgr. 45. gr. skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, frá og með sendingardegi skv. 5. mgr. þessarar greinar, ekki krefjast þess að hlutaðeigandi rekstraraðili sérhæfðs sjóðs sýni fram á hlítu við innlend lög og stjórnslufyrirmæli sem gilda um kröfur um markaðssetningu sem um getur í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 (**).

8. Aðildarríki skulu heimila notkun rafrænna eða annarra fjarsamskiptamiðla að því er varðar 4. mgr.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að auðvelda dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 (Stjtíð. ESB. L 188, 12.7. 2019, bls. 55).“

5) Í 6. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi í stað annarrar og þriðju undirgreinar:

„Ef rekstur rekstraraðila sérhæfðra sjóða á sérhæfða sjóðnum myndi ekki lengur uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar eftir fyrirhugaða breytingu eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða myndi ekki á annan hátt uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar skulu viðkomandi lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóðsins tilkynna rekstraraðila sérhæfða sjóðsins, innan 15 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna sem um getur í fyrstu undirgrein, að hann megi ekki hrinda þeirri breytingu í framkvæmd.

Sé fyrirhugaðri breytingu hrint í framkvæmd þrátt fyrir fyrstu og aðra undirgrein eða hafi ófyrirséð breyting orðið sem veldur því að eftir hana er rekstur rekstraraðila á sérhæfða sjóðnum ekki lengur í samræmi við þessa tilskipun eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða myndi á annan hátt ekki lengur fara að þessari tilskipun skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstraraðila sérhæfðra sjóðsins grípa til allra viðeigandi ráðstafana í samræmi við 46. gr. og skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístaðildarríki sérhæfða sjóðsins um það án ótilhlýðilegrar tafar.“

6) Eftirfarandi grein er bætt við:

„43. gr. a

Aðstaða sem er aðgengileg almennum fjárfestum

1. Án þess að hafa áhrif á 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 skulu aðildarríki tryggja að rekstraraðili sérhæfðra sjóða hafi, í hverju aðildarríki þar sem hann hyggst markaðssetja hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sérhæfðs sjóðs til almennra fjárfesta, aðgengilega aðstöðu til að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- a) afgreiða fyrirmæli fjárfesta um áskrift, greiðslu, endurkaup og innlausn í tengslum við hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sérhæfða sjóðnum í samræmi við skilyrðin sem sett eru í skjölum sérhæfða sjóðsins,
- b) veita fjárfestum upplýsingar um hvernig hægt er að gefa fyrirmæli sem um getur í a-lið og hvernig ágóði af endurkaupum og innlausn er greiddur,

- c) auðvelda meðferð upplýsinga í tengslum við nýtingu á rétti fjárfesta sem leiðir af fjárfestingu í sérhæfða sjóðnum í aðildarríkinu þar sem sérhæfði sjóðurinn er markaðssettur,
- d) gera upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 22. og 23. gr. aðgengileg fjárfestum til skoðunar og til að fá afrit af þeim,
- e) veita fjárfestum upplýsingar sem varða verkefni sem sinnt er í aðstöðunni á varanlegum miðli eins og hann er skilgreindur í m-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB og
- f) vera tengiliður fyrir samskipti við lögbæru yfirvöldin.

2. Aðildarríkin skulu ekki krefja rekstraraðila sérhæfðra sjóða um raunaðstöðu í gístiaðildarríkinu eða að hann skipi þriðja aðila að því er varðar 1. mgr.

3. Rekstraraðili sérhæfðra sjóða skal tryggja að aðstaðan, þ.m.t. rafræn, til að framkvæma verkefnin sem um getur í 1. mgr. sé:

- a) á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem sérhæfði sjóðurinn er markaðssettur eða á tungumáli sem lögbæru yfirvöldin í því aðildarríki hafa samþykkt,
- b) veitt af hálfu rekstraraðila sérhæfðra sjóða sjálfs, þriðja aðila sem lýtur reglum og eftirliti sem gildir um verkefnin sem inna á af hendi, eða af hálfu þeirra beggja.

Að því er varðar b-lið, ef þriðji aðili á að sinna verkefnunum skal skriflegur samningur staðfesta tilnefningu þess þriðja aðila þar sem tilgreint er hvaða verkefni af þeim sem um getur í 1. mgr. verði ekki framkvæmd af hálfu rekstraraðila sérhæfðra sjóðsins og að þriðji aðilinn muni fá allar viðeigandi upplýsingar og gögn frá rekstraraðila sérhæfðra sjóðsins.“

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„69. gr. a

Mat á fyrirkomulagi um markaðssetningarskilríki

Fyrir gildistöku framseldu gerðanna sem um getur í 6. mgr. 67. gr., sem reglurnar sem settar eru fram í 35. gr. og 37.–41. gr. koma til framkvæmda samkvæmt, skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, með tilliti til niðurstaðna mats á fyrirkomulagi um markaðssetningarskilríki sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þ.m.t. útvíkkun á því fyrirkomulagi til rekstraraðila sérhæfðra sjóða utan ESB. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.“

8) Eftirfarandi liðir bætast við í IV. viðauka:

- „i) nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. heimilisfang, til sendingar reikninga og samskipta um gildandi eftirlitsgjöld eða þóknanir af hálfu lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríkinu,
- j) upplýsingar um aðstöðuna sem er nauðsynleg til að framkvæma verkefnin sem um getur í 43. gr. a.“

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg landsbundin lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 2. ágúst 2021. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 2. ágúst 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 2. ágúst 2024, á grundvelli samráðs við almenning og í ljósi umræðna við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld, framkvæma mat á beitingu þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 2. ágúst 2025, leggja fram skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar.

5. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 2. ágúst 2023, leggja fram skýrslu þar sem meðal annars er lagt mat á kosti þess að samræma ákvæði sem gilda um rekstrarfélög verðbréfasjóða sem kanna áhuga fjárfesta á tiltekinni fjárfestingarhugmynd eða fjárfestingaráætlun og hvort breytinga sé þörf á tilskipun 2009/65/EB í því skyni.

6. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.
